

HORFT Í FRAMTÍÐARÁTT

Á nýárinu 1947

I

Á nýármorguninn snemma var ég að hugsa um, hvað mér mundi finnast ástæða til að segja á þessu nýbyrjaða ári, um hvað framundan væri. Minntist ég þá þess, er líkt hafði verið ástatt fyrir mér á nýárinu 1932, og setti ég þá saman grein, sem ég hætti við að birta, af því mér virtist sem ég gæti ekki spáð öðruvísi en illa fyrir árinu. En á því ári, 9. nóv., var bardaginn mikli hér í Reykjavík, þar sem margir hlutu meiðsl; og það virðist öll ástæða til að halda, að það hafi einungis verið af því að vopn skorti, sem ekki urðu manndráp. Ég hefi áður í þessari bók minnst á nýársspá mína 1927, sem nákvæmlega hefir ræst. En nú virtist mér sem segja mætti, að aldrei hefðu meiri háskatíðindi vofað yfir, en á þessu nýbyrjaða ári, og það gæti jafnvel ekki verið neitt vafamál, þegar kunnugt er um sum náttúrulögmál. En þá er sú spurning, hvort til nokkurs sé að vera að segja frá þessu. Og er því auðsvarað. Það sem vofir yfir, þarf ekki nauðsynlega að skella á. Góðir sjómenn hafa oft stýrt undan yfirvofandi áföllum og bjargað með því margs manns lífi.

Þegar ég var að hugsa um, hvort stýrt mundi verða undan því sem nú vofir yfir, bárust fréttirnar af gamlárskvöldslátunum hér í Reykjavík, og það var ekki laust við, að hrollur færi um mig, þegar ég hugleiddi hvað slík læti segja um hugarfarið. Þarna þarf að verða hugarfarsbreyting, ef íslenska þjóðin á að geta átt von á góðri framtíð. Þegar menn eru farnir að leita sér skemmtunar með því að gera öðrum illt, þá er lagt á hina verstu leið. En í þessu efni hefir verið eindregin afturför frá því sem var hér í Reykjavík á æskuár-

um mínum, og stafar þetta ekki eingöngu, eða öllu heldur, aðeins að litlu leyti, af hinum öra vexti bæjarins. Allir góðir menn munu láta sér skiljast, að hér þarf að verða hugarfarsbreyting, sem að vísu mun verða auðveld, ef aldhvörfin miklu, sem nú standa yfir, snúast til rétttrar áttar. En að öðrum kosti ómöguleg.

II

Þar sem eru aldhvörfin eða aldaskiptin sem ég minntist á, er um að ræða stærri tíðindi í sögu mannkyns vors, en orðið hafa áður. Og hefir nú að vísu oft verið sagt, að vér séum of fáir og smáir til þess að geta haft nokkur áhrif á stórviðburði mannkynssögunnar; en þó er það ekki rétt. Og hér er enn ástæða til að minna á Adam Rutherford, sem þegar er reyndur að því að vera mikill spámaður og sannspár. En hann hefir sagt, að íslensku þjóðinni sé það ætlað, þó að smá sé, að vera í fararbroddi, þegar mannkynið snýr á hina réttu leið. Og hann hefir svo að orði komist, að frá Íslandi, og nánar tiltekið, frá Reykjavík, muni koma það ljós, sem lýsi mannkyninu þannig, að sú leið verði fundin.

Orðið „ljós“ í spánni táknar vitanlega þekkingu. Og það vill nú svo til, að hér á Íslandi er einmitt til nokkur mjög mikilsvarðandi þekking, sem ekki er kostur í öðrum löndum ennþá. Þekkingin á hinum tveim stefnum framvindunnar, sem ég hefi nefnt helstefnu og lífstefnu, er svo afaráriðandi, af því að þegar hún er fengin, getum vér sagt með vísindalegri vissu, að hér á jörðu er verið á glötunarvegi. Og enn fremur, að í sögu lífjarðar (jarðstjörnu þar sem lífið grær) hljóta það að vera hin merkilegustu tímamót, ef tekst að breyta frá helstefnu til lífstefnu. En það er í augum uppi, að sú breyting getur ekki tekist, nema til komi ljós einhverrar nýrrar þekkingar. Og er nú þegar séð hverskonar þekking það muni vera. Það var henni að þakka sem ég gat á nýjárinu 1927 sagt fyrir seinni heimsstyrjöldina, og að hún myndi baka mannkyninu ennþá miklu meira bøl en sú fyrri. Og af sömu ástæðum er enn hægt að segja með vissu: Þriðja heimsstyrjöldin kemur, og mun hafa í för með sér miklu

meiri eyðileggingar en sú sem nú er lokið — ef ekki tekst að breyta um stefnu. En um það, hvenær hún mundi koma, er ennþá ekki hægt að segja neitt með vissu. Yfirgnæfandi líkur eru þó til að það mundi verða fyrir aldamótin næstu, og mundi þá lýðveldið íslenska ekki eiga sér lengri aldur en svo, að það yrði liðið undir lok þegar þeir, sem nú eru hér yngstir væru á rúmlega miðjum aldri.

Hætturnar fara svo geyst vaxandi, að það eru engar líkur til þess, að saga mannkynsins gæti orðið löng úr þessu, ef helstefnan reyndist ósigrandi. Önnur eins eyðilegging og rústun Berlínar hefir aldrei átt sér stað hér á jörðu áður. Og yfirleitt, það sem gerðist af þessu tagi í fyrri heimsstyrjöldinni, voru smámunir einir í samanburði við „afköst“ seinni styrjaldarinnar. En það sem ýmsir hinir fremstu kjarnorkufræðingar, eins og t. d. dr. Urey, hafa ritað um eyðileggingarmátt og „fullkomnunar“-möguleika kjarnorkusprengjunnar, ætti að geta verið oss nokkur hjálp til að skilja, hvílíkar „framfarir“ mundu verða í þessu efni, í þriðju heimsstyrjöldinni.

Völuspá og Opinberun Jóhannesar eru svo merkileg rit af því að þar er oss sagt af hinum hræðilegu endalokum lífsins á jörðum þar sem helstefnan hefir ekki orðið sigruð, en hernaðarvísindin hinsvegar komist á talsvert hærra stig en hér á jörðu, þó að munurinn sé raunar stórum minni nú, en þegar þessi vitranarit urðu til. Og er að vísu býsna fróðlegt að virða þann mun fyrir sér, og gæta að því, hvernig oss er, hans vegna, auðvelt að skilja ýmislegt í þessum opinberunarbókum, sem hlaut að vera fyrri kynslóðum gersamlega óskiljanlegt.

III

Eins og ég býst við að ýmsum muni þykja ekki ótrúlegt, hefi ég, eftir því sem mér var unnt, reynt að skyggjast um eftir því, hvort nokkursstaðar væri að finna, í útlendum bókum, meira eða minna sem væri sömu tegundar og þessi nýja aldaskiptaþekking, sem til er orðin hér í Reykjavík. En ekki get ég sagt, að ég hafi fundið neitt. Og mætti í því

sambandi leiða athygli að því hversu undarlega grunlausir jafnvel framúrskarandi vísindamenn hafa verið um möguleikann á því að færa líffræðina út til stjarnanna, líkt og eðlisfræðingum og efnafræðingum hefir svo snilldarlega tekist í sínum vísindagreinum. Úr þeirri átt er það, þegar (á s. 124) í hinni fróðlegu bók „Undur veraldar“, sem nokkrir íslenskir vísindamenn hafa þýtt, má lesa þessa setningu eftir Lagrange (1736—1813): „Newton var hinn mesti snilldarandi, sem nokkru sinni hefir uppi verið, og um leið hinn hamingjusælasti, því að tækifærið til að framsetja heilt heimskerfi vísindanna kemur ekki oftár en einu sinni.“

Þarna sjáum vér, að Lagrange, sem talinn var mesti stærðfræðingur sinnar samtíðar, kallar „heilt heimskerfi vísindanna“, þó að lífsins, sem þó raunar mestu varðar, sé þar að engu getið. Hinn mikla stærðfræðing grunar ekki, að jafnvel vísindakerfi eins og Newtons, var þó ekki nema lítið brot úr sönnu heimskerfi vísindanna.

Í sömu bók (U. v.) stendur, s. 36: „Vera má, að líf samskonar og hér á jörðu sé ekki til annars staðar í geiminum“. Það er óhætt að segja, að þannig skrifar enginn sem ekki er alveg grunlaus um þýðingu lífsins í alheimi, og þá jafnframt einnig um hina sönnu undirrót ýmiskonar átrúnaðar og hjátrúar.

Ég hefi hérna geisipykka, alveg nýja heimspekisögu eftir Bertrand Russell, og stendur þar á kápunni: „This history may prove to be the crowning achievement of one of the greatest intellects of our day“. (Það er, að bók þessi kunni að reynast ágætasta verk eins af mestu vitmönnum vorra daga). Það er nú svo sem auðvitað að þessi bók hins mikla stærðfræðings hefir mikið og margt til síns ágætis; en þó eru verulegir gallar á. Þar er t. d. alls ekkert sagt um lífið í alheimi, hugmyndir manna og hugmyndaleysi um það efni. Og vér furðum oss þá síður á að komast að því, að í þessari miklu heimspekisögu eru aðrir eins snillingar heimspekinnar og Brúnó, Herbert Spencer og Guyau, ekki einu sinni nefndir á nafn.

Aðra bók hefi ég hér sem heitir: A History of Science and

its Relations with Philosophy and Religion, 3. útg. 1944 (líkl. mispr. f. '45), eftir Sir William Dampier, Sc. D., F. R. S.

Saga þessarar bókar er eftirtektarverð. Hún kemur fyrst út nóv. 1929; 2. útg. nóv. 1930, endurprentuð í sama mánuði og svo 7 sinnum til, síðast í sept. 1940; 3. útg. sept. 1942, endurprentuð 4 sinnum, síðast í febr. 1945. — Af þessu virðist bæði mega ráða, að mikill áhugi sé til hjá enskum lesendum á sögu vísindanna, og eins, að bókin muni vera meir en í meðallagi góð; enda er hún það, og því sérstaklega eftirtektarvert, hvernig þar er tekið á því efni, sem hér ræðir um. En þarna segir, s. 482: „Þannig getur verið, að skilyrði þau, sem nauðsynleg eru til þess að lif, eins og vér þekkjum það, geti átt sér stað, séu í alheimi þeim, sem nú er, sjaldan fyrir hendi, eða jafnvel alveg einstök (þ. e. einungis á vorri jörð). Að því er virðist má líta á lífið annaðhvort sem lítilfjörlega tilviljun í einhverri aukaframleiðslu heimsframvindunnar; eða þá sem æðstu birtingu mesta átaks hinnar skapandi framvindu, þar sem einungis vor jörð gat orðið hið hæfa heimkynni, eins og hagar til um tíma og rúm. Vísindin geta í þessu efni sagt „annaðhvort — eða“, en ekki veitt neinn úrskurð um það, hvort réttara muni vera; a. m. k. ekki á því stigi.

Þannig kemur einnig í þessari ágætu bók vel fram, hver þörf er á að birti yfir þessu svæði vísindanna, sem hér ræðir um; og alveg er það víst, að *hvorugt* það er rétt, sem þarna er sagt.

Á s. 542 þessarar sömu bókar segir, að um uppruna lífsins sé enn ókunnugt, en telja verði víst, að það sé ekki aðkomið, heldur hafi átt upptök sín hér á jörðu. Það er nú í þessu sambandi undireins dálítið íhugunarvert, að án áhrifa frá hnattmynduðu báli, sem er í 150 milljóna kílómetra fjarlægð, væri alls ekkert lif til á þessari jörð; og ég get þá heldur ekki annað en talið efalaust, að sjálf frumupptök lífsins hér sé að rekja til utanaðkomandi áhrifa. Pýþagoras hafði rétt fyrir sér, þegar hann sagði, að lífið væri hingað til jarðarinnar komið frá stjörnunum; það er: þegar samsetning efna hér á jörðu hafði náð tilteknu stigi, þá skapaði lífgeisl-

an frá öflugum lífverum, sem aðrar jarðstjörnur byggja, hinar fyrstu lifandi verur hér.

Með uppgötvuninni á eðli draumlífsins er lífgeislan milli stjarnanna í himingeimnum orðin vísindaleg staðreynd. Og vér getum einnig örugglega sagt, að sú endurnýjun lífsorkunnar, sem á sér stað í svefni, verður fyrir tilgeislan, sem ekki á upptök sín hér á jörðu. Og það má jafnvel segja, að það sem oss er fyrir sett hér á jörðu, öllu öðru fremur, er að koma þessari geislan í sem réttast horf. Og með vissu má segja að það getur tekist svo vel, að ellihnignun og dauði sé ekki framar til. En það er einnig víst, að hjá helstefnumannkyni, þ. e. mannkyni, sem ekki er farið að þekkja tilgang lífsins, og þar sem er illskast meir en elskað, getur sú framfær ekki orðið. —

Þá getur enn orðið til nokkurs gagns að minnast á heimspækisögu eftir Bandaríkjamanninn M. M. Kaunitz, sem ófæð má telja góða bók (*A popular History of Philosophy*, N. Y. 1943). Þar segir svo, s. 384: „All science can do, is to point to the millions of years of continuous existence of our earth in its present shape, and to predict quite confidently a long period of undisturbed similarity“.

Hér er sama villan og hjá hinum heimskunna lífeðlisfræðingi, J. B. S. Haldane (sjá hér áður, í kaflanum „Íslensk vísindi“ o. s. fr.). Báðir þessir menn álykta rangt frá fortíð til framtíðar, af því að þeim er ókunnugt um hinar tvær stefnur, og lögmál hinnar vaxandi hættu, hjá helstefnumannkyni. Kaunitz heldur, að örugglega megi segja það fyrir, að mannkynið eigi fyrir höndum langa framtíð og batnandi: „Hið versta er að baki“, segir hann (s. 385). Betur að satt væri. En eins og nú horfir, verður að segja, að framundan eru stórum meiri hörmungar en nokkrar í sögu mannkynsins áður — ef ekki verður það sem ennþá virðast litlar líkur til að orðið geti. En þó má með vissu segja hvað bjargað getur, jafnvel þó að verið sé á glötunarbarmi.

Það eykur mjög á örðugleikana í þessu máli, að upphaf hinnar nýju þekkingar, sem hér verður við að njóta, ef duga skal, hefir orðið hér á Íslandi, þar sem þjóðlegt sjálfstraust

er ekki eins og þarf, og sumar tegundir þjóðrækni jafnvel á svo lágu stigi, að mörgum væri ljúfara að hugsa sér, að íslenskur maður, sem fundið hefði stórþýðingarmikil sannindi, væri ekki vitringur, heldur vitfirringur. En svo rangsnúið hugarfar er nú einmitt það sem í mesta lagi er því til fyrirstöðu, að komist verði af helvegi.